

Félagsmálastjóri



FJARÐABYGGÐ

Fjarðabyggð leitar að öflugum starfsmanni í starf félagsmálastjóra sveitarfélagsins. Félagsmálastjóri hefur yfirlit og stjórnun með félagslegri þjónustu á vegum sveitarfélagsins. Undir hana fellur barnavernd, félagsþjónusta, jafnréttis- og öldrunarmál sem og málefni fatlaðra. Næsti yfirmaður er bæjarstjóri.

Umsóknarfrestur

26. febrúar

Starfssvið

- Fagleg forysta í málefnum félagsþjónustunnar, gæðamál og þróun þjónustunnar.
- Ábyrgð á stjórnun og rekstri.
- Áætlanagerð og eftirfylgni.
- Stefnumótun og samningagerð.
- Undirbúningur og eftirfylgni funda.
- Upplýsingagjöf og samskipti við notendur, ráðuneyti og hagsmunaaðila.

Frekari starfslýsing og ábyrgð er að finna á www.fjardabyggd.is

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/4530

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði félagsráðgjafar, sálfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi. Meistaragráða er æskileg.
- Reynsla af stjórnun er æskileg, framhaldsmenntun í stjórnun er kostur.
- Reynsla af áætlanagerð og stefnumótun er æskileg.
- Þekking og reynsla af félagsþjónustu sveitarfélaga er kostur.
- Þekking og reynsla á starfsumhverfi opinberrar stjórnsýslu er kostur.
- Forystu-, skipulags- og samskiptahæfileikar.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.

Fjarðabyggð er stærsta sveitarfélagið á Austurlandi og 10. stærsta sveitarfélag landsins. Veruleg uppbygging hefur átt sér stað í Fjarðabyggð á liðnum árum, bæði í þjónustu og atvinnulífi. Í sveitarfélaginu er hátt þjónustustig, framúrskarandi skólar ásamt öflugu menningar-, afþreyingar-, og íþróttastarfi. Náttúran er stórbrotin bæði til að njóta og til útivistar. Íbúar sveitarfélagsins eru um 4700 talsins í sex byggðarkjörnum. Þú ert á góðum stað í Fjarðabyggð.

Launakjör taka mið af launakerfi sviðsstjóra hjá sveitarfélaginu. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til þess að sækja um stöðuna.



Jafnlaunaúttekt
PwC
2019